



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FUNDIR FORSETA ÍSLANDS Á ARCTIC CIRCLE – HRINGBORÐI NORÐURSLÓÐA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson mun í dag fimmtudaginn 30. október og næstu daga eiga fjölda funda með fulltrúum erlendra ríkja og öðrum forystumönnum sem sækja munu alþjóðþing Arctic Circle – Hringborðs Norðurslóða sem hefst í Hörpu í fyrramálið, föstudaginn 31. október.

Forsetinn mun flytja ávarp í upphafi þingsins og á setningarfundinum halda einnig ræðu forseti Finnlands Sauli Niinistö, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, Lisa Murkowski, öldungadeildarþingmaður frá Bandaríkjunum, og Robert J. Papp aðmírall, sérlegur fulltrúi Bandaríkjustjórnar um málefni Norðurslóða. Þá verða flutt af myndbandi ávörp Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, og Angel Gurría, framkvæmdastjóra OECD.

Forseti Íslands mun síðar í dag eiga fundi með forseta Finnlands Sauli Niinistö, Lisa Murkowski öldungadeildarþingmanni og sendinefnd frá Singapúr.

Á morgun og um helgina mun forseti eiga fundi með sendinefndum frá Bandaríkjunum, Rússlandi, Kína, Bretlandi, Japan, Kóreu, Frakklandi og Kanada sem og með Christiana Figueres, stjórnanda Loftslagsstofnunar Sameinuðu þjóðanna, United Nations Framework Convention on Climate Change (UNFCCC).

30. október 2014

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).